

2. gr.

Greiðsluskylda neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans, og er þá tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstakling eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við grunnlilífeyri (g) og tekjutryggingu (t).

Einstaklingur greiði skv.:

1. taxta séu tekjur hans undir kr. 74 440 $(g+t) \times 1.3$.
2. taxta séu tekjur hans milli kr. 74 440 og kr. 114 524 $(g+t) \times 1.3$ til $(g+t) \times 2.0$.
3. taxta séu tekjur hans milli kr. 114 524 og kr. 143 155 $(g+t) \times 2.0$ til $(g+t) \times 2.5$.
4. taxta séu tekjur hans yfir kr. 143 155 $(g+t) \times 2.5$.

Hjón og sambýlisfólk greiði skv.:

1. taxta séu tekjur þeirra kr. 120 169 og þaðan af minna $(g+t) \times 1.2$.
2. taxta séu tekjur þeirra milli kr. 120 169 og kr. 160 255 $(g+t) \times 1.2$ til $(g+t) \times 1.6$.
3. taxta séu tekjur þeirra milli kr. 160 255 og kr. 200 282 $(g+t) \times 1.6$ til $(g+t) \times 2.0$.
4. taxta séu tekjur þeirra kr. 200 282 og þaðan af meiri $(g+t) \times 2.0$.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber félagsmálaráði að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. nóvember 1977 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Tilfærslu á bílgeymslulengjum í vestara raðhúsaahverfinu, þ. e. raðhúsaahverfinu við Melbæ og Brekkubæ.
Bílgeymslulengjurnar eru færðar saman.
2. Styttingu og smávægilega tilfærslu á húsagötum í eystra raðhúsaahverfinu. Þetta varðar göturnar Brautarás, Disarás, Brúarás og Grindarás.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.